

29. nóvember 2007
SI-36630

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 15. nóvember 2007 óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um sértryggð skuldabréf, 196. mál, heildarlög.

Fasteignaveðlán banka og sparisjóða eru að jafnaði verðtryggð, bera fasta vexti og eru til allt að 40 árum. Enn sem komið er hafa innlánsstofnanir ekki nema að hluta fjármagnað fasteignaveðlánin með samsvarandi hætti. Þannig er fjármögnun lánanna að stórum hluta á skammtímamarkaði með tilheyrandi vaxtaáhættu. Því er mikilvægt fyrir þessa aðila að geta gefið út sértryggð skuldabréf og dregið þannig úr vaxtaáhættu sinni. Þá yrðu sértryggð skuldabréf góð viðbót fyrir fagfjárfesta á fjármálamarkaði. Seðlabankinn styður samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

Ingimundur Friðriksson
bankastjóri